

Sp. 184. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—'86.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

Alþingi ályktar, að á árunum 1982—1986, að báðum meðtöldum, skuli auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum, unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

1. Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:	
Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar; gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning	40 400 000
2. Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:	
Friðun lands til skógræktar, héraðsskógræktaráætlanir, rannsóknir í skógrækt, útivistarsvæði við þéttbýli, skógvernd og skógrækt	9 500 000
3. Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins:	
Rannsóknir á nýtingu beitilanda, gróður- og jarðvegseyðingu og aðferðum til landgræðslu; gróðurkortagerð og vistfræðirannsóknir, frærannsóknir og rannsóknir á plöntum, þ. á m. á vetrarþoli þeirra	5 150 000
4. Ýmislegt:	
Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun; frærækt, skjólbelti, úttekt á árangri.	
Stuðningur við fræðslustarf og þátttöku samtaka áhugamanna um skógrækt og landgræðslu	1 675 000
5. Framkvæmdir til að verjast landbroti og landskemmdum vegna ágangs vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins	14 500 000
Samtals á 5 árum, m. kr.	71 225 000

Á framlög áruna 1983—'86 greiðist verðbætur, er miðist við framlög ársins 1982.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Áætlun sú, sem liggur hér fyrir, er byggð á áliti Samstarfsnefndar um landgræðsluáætlun, sem er fylgirit með tillögu þessari.

Í bréfi, dags. 27. febr. 1979, fól þáverandi landbúnaðarráðherra samstarfsnefndinni „að gera úttekt á því sem áunnist hefur síðan 1974 og gera tillögur um hvernig best verði staðið að áframhaldi landgræðslu- og gróðurverndarstarfs, þannig að afturkiptur komi ekki í slík störf, þegar fjárveitingar skv. ályktun Alþingis 1974 nýtur ekki lengur við.“

Eftir að álitsgerð samstarfsnefndarinnar lá fyrir, var leitað afstöðu þingflokka til álits samstarfsnefndarinnar. Niðurstaðan varð, að landbúnaðarráðherra óskaði eftir tilnefningu þingflokka í nefnd til að fjalla um viðfangsefnið.

Samkvæmt því voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd til að fjalla um nýja landgræðsluáætlun: Egill Jónsson, alþingismaður, Geir Gunnarsson, alþingismaður, Ingvi Þorsteinsson, magister og Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri. Varamaður Ingva er Árni Gunnarsson, alþingismaður, en varamaður Jónasar er Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur, og hafa þeir báðir starfað með nefndinni. Landbúnaðarráðherra skipaði Sveinbjörn Dagfinnsson formann nefndarinnar. Nefndin hefur haldið marga fundi, farið könnunarferðir, aflað margvíslegra gagna og kallað sérfróða menn á sinn fund.

Nefndin telur að verulegur árangur hafi náðst við framkvæmd landgræðsluáætlunar frá 1974 og að af henni hafi fengist margvísleg reynsla, sem að gagni kemur við framkvæmd nýrrar áætlunar.

Nefndin er sammála um þau höfuðmarkmið, sem greint er frá í álitni samstarfsnefndar um landgræðsluáætlun 1981—1985, þ. e. að:

- a) Stöðva sandfok og aðra jarðvegseyðingu.
- b) Vinna gegn gróðurskemmdum og gróðurrýrnun.
- c) Koma beit og annarri gróðurnýtingu hvarvetna í það horf, að gróðri fari fram.
- d) Tryggja að skóglendi rýrni ekki og bæta þau sem skaðast hafa.
- e) Rækta nýja skóga til fegrunar, nytja, skjóls, útivistar og til jarðvegs- og gróðurverndar.
- f) Stuðla að endurgæðslu örfoka og ógróinna landa, sem unnt er að breyta í gróðurlendi.
- g) Efla rannsóknir til að treysta sem best grundvöll og öryggi þeirra framkvæmda, sem unnið verður að skv. framanskráðu.

Ein meginforsenda fyrir árangri í landgræðslu og gróðurvernd er, að búfjarbeit verði innan þeirra marka, sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir.

Samkvæmt lögum um landgræðslu er gróðureftirlit eitt af verkefnum Landgræðslu ríkisins og skal unnið gegn ofnýtingu gróðurs og hvers konar skemmdum á gróðurlendi. Fram að þessu hefur á vegum landgræðslunnar hvorki verið unnt að sinna gróðureftirliti né beitarstjórnun sem skyldi, enda ekki fengist heimild til að ráða menn til þeirra starfa.

Nefndin er þess fullviss, að ástand gróðurs á hálendi og sums staðar á láglandi sé þannig, að fylgjast verði nánar með honum og hafa meiri stjórn á nýtingu gróðursins en aðstaða hefur verið til. Tillögur nefndarinnar byggjast m. a. á því, að gróðureftirlitsmaður hefji störf hið fyrsta hjá Landgræðslu ríkisins.

Með aukinni beitarstjórnun vinnst margt, m. a. endurnýjun gróðurs og meiri hagkvæmni við landgræðslu og búskap. Til að ná markvissum árangri í beitarstjórn, þarf hún að byggjast á rannsóknum á beitarþoli og ástandi gróðurs á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum um landgræðslu skulu gróðurverndarnefndir starfa í hverri sýslu landsins. Sumar þessara gróðurverndarnefnda hafa orðið til verulegs gagns við að koma meðferð og nýtingu afréttarlanda í það horf sem hæfir, en aðrar eru lítt virkar, þannig að þörf er á að efla starf þeirra og hlut búnaðarsambandanna.

Nefndin telur nauðsynlegt, að gróðurverndarnefndir starfi einnig í öllum kaupstöðum og hafi nána samvinnu við gróðureftirlit Landgræðslu ríkisins.

Til þessa hefur ítölu aðeins verið komið á í einum afrétti. Unnið er að gerð ítölu fyrir nokkra hreppa og hefur það verk staðið lengi, einkum vegna skorts á grunnkortum af láglandi.

Nefndin leggur áherslu á, að svo fljótt sem ástæður leyfa verði komið á ítölu fyrir landið allt, en meðan þeim áfanga er ekki náð, verði heimilt að takmarka tímabundið beitarálag á svæðum, sem teljast ofsetin að mati gróðureftirlitsmanns. Heimildir til slíks eru ekki fullnægjandi í núgildandi löggjöf og leggur nefndin til, að lög nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. og lög nr. 17/1965 um Landgræðslu ríkisins verði endurskoðuð og samræmd með tilliti til þess.

Nefndin er sammála um að flokka varnir gegn landbroti af völdum vatna og sjávar undir landverndarframkvæmdir, sem rétt sé að ætla fjárveitingu með öðrum liðum áætlunarinnar.

Þeim tilmælum hefur verið beint til Landgræðslu ríkisins, að hafinn verði undirbúningur að áætlunargerð í þessu skyni, þannig að hægt verði að leggja fram tillögur um fjárveitingar á þeim tíma, sem unnið er að gerð fjárlagafrumvarps hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Skipting fjárveitinga til aðila landgræðsluáætlunar:

Verkefni samkvæmt tölulíðum 1—5 að framan:

I. Viðfangsefni Landgræðslu ríkisins:	%	Þús.
1. Almenn gróðurvernd og landgræðsla (stöðvun sandfoks og gróður- og jarðvegseyðingar)		
a. Uppgræðsla	55,0	22.220
b. Nýjar girðingar	10,0	4.040
c. Rofabörð og jarðvegssár	6,2	2.505
2. Landgræðsluáveitur	6,2	2.505
3. Öflun fræs og frærækt	3,0	1.212
4. Bætt aðstaða til áburðarflugs	3,4	1.374
5. Gróðureftirlit	2,0	808
6. Til gróðurverndar gegn mótframlagi	14,2	5.736
	100,0	40.400
II. Viðfangsefni Skógræktar ríkisins:	%	Þús.
1. Friðun lands til skógræktar og gróðursetning hjá Skógrækt ríkisins	43,0	4.085
2. Héraðsskógræktaráætlanir	22,0	2.090
3. Skógrækt á útvistarsvæðum í nánd við þéttbýli	15,0	1.425
4. Rannsóknarþættir:		
a. Samanburðarrannsóknir á birkikvæmum o. fl.		
b. Preskibúnaður og annað til fræðflunar	10,0	950
5. Stofnkostnaður vegna umferðarvinnuflokks í skógrækt	10,0	950
	100,0	9.500
III. Viðfangsefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins:	%	Þús.
1. Nýting beitolanda	40	2.060
2. Orsakir og eðli gróður- og jarðvegseyðingar	8	412
3. Gróður- og jarðakort	17	876
4. Plöntur og aðferðir til landgræðslu	10	515
5. Vistfræðirannsóknir	10	515
6. Rannsóknir á vetrarþoli plantna	10	515
7. Frærannsóknir	5	257
	100	5.150
IV. Varnir gegn ágangi vatna og sjávar:	%	Þús.
1. Fyrirhleðslur	82,7	12.000
2. Sjóvarnargarðar	17,3	2.500
	100,0	14.500

V. Samvinnuverkefni og stuðningur við samtök áhugamanna:	%	Pús.
1. Frærækt	15	251
2. Skjólbelti	20	335
3. Úttekt árangurs	25	419
4. Skógræktarfélag Íslands	20	335
5. Landvernd	20	335
	100	1.675

Mælt er með að landbúnaðarráðherra skipi nefnd, sem skipuð verði einum manni frá hverjum þingflokki skv. tilnefningu, auk formanns án tilnefningar. Nefnd þessari verði falið að fylgjast með ákvörðunum og framkvæmd landgræðsluáætlunar, sem forstöðumenn stofnana þeirra sem aðild eiga að áætluninni, auk fulltrúa sem Búnaðarfélag Íslands tilnefnir, sjá að öðru leyti um framkvæmd á.

Nefndin telur nauðsynlegt, að fylgst verði stöðugt með árangri af framkvæmd landgræðsluáætlunar og aflað sem örugga upplýsinga þar að lútandi.

Lagt er til, að Náttúrufræðistofnun Íslands, í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, verði falið að annast það starf. Niðurstöður slíkra úttekta verði lagðar árlega fyrir Alþingi og landbúnaðarráðuneytið.

Þar sem gerð er tillaga um fimm ára áætlun, telur nefndin rétt, að hún verði endurskoðuð, þegar þrjú ár eru liðin af framkvæmdatímabilinu, m. a. með tilliti til þess, hvort ástæða sé til þess að breyta verkefnalista.

Nefndin leggur áherslu á, að aðrar fjárveitingar til stofnana, sem aðild eiga að framkvæmd landgræðsluáætlunar, lækki ekki hennar vegna.

Ed. **185. Frumvarp til laga** [152. mál]

um viðbótarlán til íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda.

Fm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Lán þessi skulu veitt til 20 ára og nema 200 000 kr. miðað við verðlag í desember 1981 og breytast með byggingarvísitölu ársfjórðungslega. Lánin beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 2—3% ársvexti. Lánin skulu veitt gegn fasteignaveði og skal hver sá einstaklingur, sem fengið hefur lánsvilyrði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, eiga rétt á fullu láni, enda komi til fullnægjandi tryggingar. Heimilt er þó að veita lægra lán, ef lánþegi óskar þess sérstaklega í umsókn sinni.

Um framkvæmd þessa fer samkvæmt reglum, er bankastjórn Seðlabankans setur að höfðu samráði við stjórnir innlánsstofnana.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1982.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að gefa íbúðabyggingum og íbúðakaupendum kost á langtímaláni í stað þeirra skammtímalána sem tíðkast hafa á undanförunum árum. Með því er fólki gert kleift að fjármagna íbúðabyggingar og íbúðakaup með eðlilegri hætti en hingað til. Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðbótarlán þessi að upphæð 200 000 kr., komi að verulegu leyti í stað ýmiss konar skammtímalána sem eru lánþegum afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrðar.

Á síðasta löggjafarþingi flutti Alþýðuflokkurinn frumvarp sem fjallaði að hluta til um sama efni en það varð þó ekki útrætt. Þar eins og hér var gert ráð fyrir að tekinn yrði upp nýr íbúðalánaflokkur til húsbýggjenda til viðbótar lánnum Húsnæðisstofnunar.

Í framhaldi af frumvarpsflutningi Alþýðuflokksins ákvað ríkisstjórnin að grípa til skuldbreytingaaðgerðar fyrr á þessu ári. Sú aðgerð reyndist fálmkennit yfirklið, sem missti gjör-samlega marks, m. a. vegna losaralegrar framkvæmdar. Þannig má nefna að meðallánsfjárhæð skuldbreytingalánanna var um 58 þúsund krónur, en alls nam upphæðin 24 milljónum króna. Lánstíminn var um 8 ár.

Allir sjá hversu ónóg og ómerkileg þessi aðgerð reyndist.

Það eru sjálfsgöð mannréttindi, að fólk geti búið í góðu húsnæði og þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því að standa undir eðlilegum greiðslum af húsnæði sínu. Því fer fjarri að svo sé við núverandi aðstæður. Úr því verður að bæta. Sú aðstaða, sem allur almenningur býr við í þessum efnunum, er fyrir neðan allar hellur. Fólki er ætlað að mæta húsnæðisþörf sinni með skammtímalánum og vinnuþrældómi svo nemur oft 60—80% af íbúðarverði.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir viðbótarláni úr bankakerfinu að upphæð 200 þúsund krónur og lánstímanum 20 ár. Með þessu yrði lánafyrirgreiðsla vegna húsbýgginga færð í eðlilegra horf og fólki þannig gert kleift að eignast þak yfir höfuðið án þess að sligast undir greiðsluoki skammtímalána. Sú lánsupphæð, sem íbúðakaupendur og íbúðabyggingendur ættu þannig rétt á, yrði síðan hækkuð í samræmi við byggingarvísitölu.

Raunvaxta- og verðtryggingarstefnan, sem nú er fylgt fyrir framkvæði Alþýðuflokksins og aðrir flokkar játast undir í reynd, hefur aukið innlán í bönkunum. Svigrúm bankakerfisins til útlána hefur því vaxið. Á hinn bóginn hefur Alþýðuflokkurinn ævinlega lagt áherslu á að við framkvæmd verðtryggingarstefnu inn- og útlána yrði að lengja lánstíma og dreifa greiðslubyrði. Þennan þátt stefnunnar hefur ríkisstjórnin gersamlega vanrækt og með því skapað óbærilegar aðstæður hjá ungu fólki sem er að koma sér fyrir. Við svo búið má ekki standa. Til að framfylgja stefnumörkuninni í þessum efnunum og bæta úr ríkjandi ófremdarástandi er þetta frumvarp flutt. Yrði þá lánshlutfall yfirleitt á bilinu 60—75% af verði þriggja herbergja íbúðar.

Þar sem hér er gert ráð fyrir viðbótarlánum úr bankakerfinu er rétt að minna á að bankakerfið hefur skyldum að gegna við alla landsmenn. Þróunin hefur hins vegar orðið sú, að stærstur hluti útlána fer til atvinnurekstrar. Leiða má að því rök að atvinnurekendur og ríkisvald hafi betri aðstöðu til þess en almennt launafólk að þrýsta á hagsmuni sína í bankakerfinu. Þess vegna er ástæða til þess fyrir hina lýðkjörnu fulltrúa, sem skipa Alþingi, að tryggja sérstaklega hagsmuni almennings í samskiptum við bankakerfið og setja reglur um það, hverjar séu lágmarksskyldur bankakerfisins við almennt launafólk.

Réttur launafólks til lánafyrirgreiðslu í bankakerfinu helgast enn frekar af því, að um það bil $\frac{3}{4}$ hlutar innlána eru frá einstaklingum, en einungis $\frac{1}{4}$ hluti frá fyrirtækjum. Í útlánum hafa fyrirtækin hins vegar $\frac{3}{4}$ hluta, en einstaklingar $\frac{1}{4}$ hluta. Er ekki nema eðlilegt að einstaklingarnir, sem eiga mestan hluta þess fjár sem bankakerfið fær til ráðstöfunar, hafi rétt til ákveðinnar lágmarksfyrirgreiðslu af hálfu bankanna.

Hitt verður jafnframt að hafa í huga, að verði ekki komið á eðlilegri lánaþyrirgreiðslu til íbúðabygginga mun húsnæðisskortur fara sívaxandi á komandi misserum og árum.

Þetta frumvarp hefur þannig þrjúþættan tilgang:

- 1) að veita eðlilega lánaþyrirgreiðslu til húsnæðisúttegunar,
- 2) að tryggja eðlilegan rétt alls almennings, sem sannanlega leggur fram stærsta hluta sparifjárins í bönkunum, gagnvart bankakerfinu,
- 3) að koma í veg fyrir yfirvofandi húsnæðisskort, ef svo fer fram sem horfir.